

## Samningur um snjómokstur í Sveitarfélaginu Ölfus .

### 1. Grein

Samningur þessi er gerður milli Vegagerðarinnar kt:500295-2609 og Sveitarfélagsins Ölfus kt.420369 7009 annars vegar sem hér eftir nefnist verkkaupi, og **Borgargerðis ehf kt. 620109-1690**, hins vegar sem hér eftir nefnist verktaki. Gildistími samnings er tímabilið 01 janúar 2014 til 15. apríl 2017 Engin vinnuskylda er þó frá 1. maí til 15. október ár hvert. Hvor aðili fyrir sig getur sagt upp samningnum eftir 1. maí 2014, 2015 eða 2016 ef verulegar breytingar verða á högum verktaka eða ef verkkaupi (Vegagerðin, Sveitarfélagið Ölfus eða báðir aðilar) eru ekki ánægðir með framkvæmd og samvinnu við verktaka. Uppsögn skal vera skrifleg og hafa borist hinum aðilanum eigi síðar en 15. júní 2014, 2015 eða 2016 að öðrum kosti gildir samningurinn áfram út samningstímabilið. Nóg er að annar hvor aðilanna Vegagerðin eða Sveitarfélagið Ölfus óski eftir að rifta samningi, til þess að það gangi eftir.

### 2. Grein

Verktaki skal framkvæma snjómokstur á tengivegum í sveitarfélaginu, samkvæmt meðfylgjandi lista. Verktaki skal hafa opnað neðangreindar leiðir fyrir kl. 8 að morgni þá daga sem mokað er. Verktaki skal fylgjast með því í samráði við sveitarfélagið og meta hvort þörf er á mokstri. Telji verktaki/sveitarfélagið þörf á að moka skal hafa samband við Vegagerðinna í síma 522-1369 og fá samþykki fyrir mokstri. Alla virka daga frá 07.30 til 18.00 svarar Vegagerðin á Selfossi þessu númeri í annan tíma svarar vaktstöð Vegagerðarinnar, þar er vakt allan sólahringinn alla daga. Meðan á mokstri stendur skal verktaki vera í góðu sambandi við vaktmann hjá Vegagerðinni og miðla upplýsingum um færð og veður.

**Megin markmið snjómoksturs er að koma börnum í skólann á réttum tíma og greiða um leið aksturleiðir þeirra sem þurfa til vinnu.**

**Ef snjór er það mikill að erfiðlega gengur að opna vegina skal Vegagerðin hafa rétt til að koma með fleiri tæki til að flýta mokstri. Ekki er mokað þegar veður er þannig að það feni jafnóðum í för.**

### 3. Grein

Greiðslur fyrir snjómokstur fara fram hálfsmánaðarlega og skulu grundvallaðar á dagseðlum sem verktaki skal skila til vaktmanns Vegagerðarinnar til samþykktar í lok hvers vinnudags eða í síðasta lagi að morgni næsta dags á eftir. Greitt verður fyrir tíma sem snjómoksturstæki er í notkun.

Verði misbrestur á að verktaki skili dagseðlum áskilur verkkaupi sér rétt til að hafna greiðslu fyrir þá daga sem dráttur hefur orðið á skilum.

Vegagerðin greiðir helming kostnaðar vegna snjómoksturs á tengivegum, sjá meðfylgjandi lista, allt að þrisvar sinnum í viku. Snjómokstur umfram það greiðist að fullu af Sveitarfélaginu Ölfus

Reikningum vegna moksturs þrjá daga í viku, sem samþykktir hafa verið af Vegagerðinni, skal skila til Vegagerðarinnar. Reikningum vegna moksturs umfram þessa þrjá daga eða á vegum utan meðfylgjandi lista skal skila beint til Sveitarfélagsins Ölfus

### 4. Grein



Umsamin einingaverð eru sem hér segir og eru verð með manni og vsk;

### 5. Grein

Reikningar verða verðbættir miðað við byggingarvísitölu sem gildir í upphafi þess tímabils sem innheimt er fyrir.

Fyrsta endurskoðun 1. október 2014.

Byggingarvísitala, reiknuð af Hagstofu Íslands er 119,0 stig fyrir desember 2013 og skulu einingarverð í tilboði miðast við þá vísitölu.

Verðbætur falla niður verði vísitalan lægri en viðmiðunarvísitala á viðkomandi tíma.

Verðbætur reiknast einu sinni á ári með eftirfarandi hætti

Á tímabilinu 1. janúar 2014 – 1. nóv. 2014 verða ekki greiddar verðbætur

Á tímabilinu 1. nóv. 2014 – 1. nóv. 2015 hækka samningsverð í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu miðað við október 2014.

Á tímabilinu 1. nóv. 2015 – 15. apríl 2016 hækka samningsverð í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu miðað við október 2015.

Á tímabilinu 1. nóv. 2016 – 15. apríl 2017 hækka samningsverð í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu miðað við október 2016.


F.h Vegagerðarinnar



F.h Sveitarfélagsins Ölfus



F.h Verktaka

  
Sölmundur Sigurðsson  
Borgargerði ehf.

Vitundarvottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

  
\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Héraðsvegir Ölfushrepps sem Vegagerðin greiðir helming kostnaðar við snjómokstur þrisvar í viku

3760	Hvolsvegur	Hringvegur(-D6)	Hvoll 1	0,65
3710	Árbæjarvegur	Hringvegur (1)-d5)	Hátún	0,44
375	Arnabælisvegur	Hringvegur (1)-d6)	Auðsholt Ölfusi	1,8
3915	Kirkjuferjuvegur	Hringvegur(1d-6)	Kirkjuferjuhjáleiguvegur	0,56
3770	Þórustaðavegur	Hringvegur	Kjarrsvegur	0,55

Héraðsvegir sem sveitarfélagið greiðir að fullu fyrir Snjómoksturinn

3710	Árbæjarvegur	Hátún	Lækjartún	0,91
3915	Kirkjuferjuvegur	Kirkjuferjuhjáleiguvegur	Kirkjuferja	1,55
375	Arnabælisvegur	Auðsholt Ölfusi	Ósgerði	2,7
3770	Þórustaðavegur	Kjarrsvegur	Þórustaðir 1	0,25

PH  
8/8